



PRIF

ÞRIF

Leshefti

um þrifalega staði með góðri lýsingu.

Samantekt og þýðingar á greinum: Mouche I. Fatï.

Þýðing smásögunnar „A Clean, Well-Lighted Place“

eftir Ernest Hemingway: Haukur Már Helgason.

Ekki gott að segja um réttindi eins og hér er í pottinn búið.

Gengið er út frá viðmiðinu um „fair use“.

Hugsanlega eru einhver réttindi áskilin.

Útgefandi:  Starafugl 2018.

Hönnun og umbrot: MIF & Starafugl.

Kápumyndir: úr skráningu á Airbnb.

Mynd við smásögu: Google Street View.

þRIF

Leshefti

Efnisyfirlit

Ótilgreinda borgin	5
Loftrými	8
Umbúðaleysi	12
Þrifalegur staður með góðri lýsingu.	14
6.421	22

Ótilgreinda borgin

2.2 Varð Ótilgreinda borgin til í Ameríku? Er hún svo rækilega ófrumleg að hún hlýtur að hafa verið innflutt? Í öllu falli má nú einnig finna Ótilgreindu borgina í Asíu, Evrópu, Ástralíu, Afríku. Hin afgerandi hreyfing frá landsbyggðinni, frá landbúnaði, til borgarinnar er ekki hreyfing til borgarinnar eins og við áður þekktum hana, heldur til Ótilgreindu borgarinnar, borgar sem er svo alltumlykjandi að nú nær hún út í sveit.

2.4. Stundum getur gömul, einstök borg, á við Barcelona, með ofureinföldun sérkenna sinna, orðið Ótilgreind. Hún verður gegnsæ, eins og lógó. Hið andstæða gerist aldrei ... alltént ekki enn sem komið er.

3.1 Ótilgreinda borgin er það sem verður eftir þegar stór hluti borgarlífsins hefur flust yfir í sýndarrými. Hún er staður veikra skynjana og þrútnaðra, fárra tilfinninga og fjarlæggra, leyndarfús og dulúðleg eins og geimur upplýstur af náttlampa. Í samanburði við klassísku borgina er Ótilgreinda borgin *slævð*, flestir nema hana sitjandi. Í stað samþjöppunar í tíma og rúmi er langt á milli „augnablika“ Ótilgreindu borgarinnar, svo úr verður trans nánast ónemanlegra fagurfræðilegra upplifana: litbrigði flúr-lýsingar í skrifstofubyggingu rétt undir sólsetur, hinn fínlegi munur ólíkra blæbrigða af hvítu á upplýstu skilti að nóttu til. Eins og í japanskri matargerð má endurgera skynjanirnar og magna í huganum, eða ekki —þær má hreinlega hunsa. (Það er val.) Þessi alltumlykjandi skortur á hinu aðkallandi og kröfuharða hefur áhrif á við sterk lyf; hann framkallar *skynvillu um hið eðlilega*.

3.2. Þvert á það sem álitid er megineinkenni borgarinnar — „erill“ — er ríkjandi upplifun Ótilgreindu borgarinnar uggvænleg kyrrð: því kyrrlátari sem hún er, því nær kemst hún hinu hreina ástandi.

Valin brot úr ritgerðinni „The Generic City“ eftir Rem Koolhaas. Hún birtist í ritinu *SM L XL*, árið 1995.

Loftrými

Farðu á Shoreditch Grind, við hringtorg í miðju hipsterahverfi Lundúna. Það er kaffihús með grófhefluðum viðarborðum, fullt af sólskini inn um víða glugga og sparsömum loftljósum. Líttu svo við á Takk í Manchester. Það er kaffihús með stórum búðarglugga, endurheimtum viðarhúsgögnum og Edison-perum sem hanga úr loftinu. Berðu þau saman: það er ekki víst að þú takir eftir að þetta er sitt hvort rýmið.

Það er ekki tilviljun að þessir staðir eru svona svipaðir. Þó að þeir séu ekki hluti af keðju og innanhússhönnunin sé ekki á vegum eins drottnandi stórfyrirtækis hafa þessi kaffihús lag á að apa upp sama þreytta stílinn, hipsterískan niðurskurðarstíl með þráhyggju fyrir yfirborðskenndum söguskilningi og leifum framleiðslutækja sem eitt sinn réðu ríkjum í hverfunum sem kaffihúsin taka yfir. Og það er ekki bara London eða Manchester – þessi stíll breiðir úr sér um heiminn, frá Bangkok til Beijing, Seúl til San Francisco.

Það eru ekki heldur bara kaffihúsin. Hvert sem þú ferð hafa rými sem eiga að vera einstök og hipp lag á að líta eins út, hvort sem það eru barir eða veitingahús, tískuverslanir eða samnýtt skrifstofurými. Kaffibrennslum svipar til WeWork-vinnurýma. Hvernig getur öll þessi einsleitni hugsanlega verið kúl?

Úr greininni „Same old, same old. How the hipster aesthetic is taking over the world“ eftir Kyle Chayka, sem birtist í *The Guardian*, 7. ágúst 2016.

Við gætum kallað þessa furðulegu landafræði sem tæknin skapar „loftrými“. Loftrýmið er umdæmi kaffihúsa, bara, startup-skrifstofa og samnýtttra íbúðar/vinnurýma sem deila sömu einkennum hvert sem þú ferð: ofgnótt ummerkja um þægindi og gæði, í það minnsta í augum þeirra sem til þekkja. Minimalísk húsgögn. Craft-bjór og ristað brauð með avókadó. Endurheimtur viður. Iðnaðarlýsing. Cortado. Hröð nettenging. Einsleitni þessara rýma þýðir að ferðir á milli þeirra eru hnökra-laugar, sem Kísildalurinn hefur í hávegum. Að færa sig um set getur verið jafn sársaukalaust og að endurhlaða vefsíðu. Það gæti þess vegna farið fram hjá þér að þú ert ekki lengur þar sem þú lagðir af stað.

Brot úr „Welcome to Airspace: How Silicon Valley helps spread the same sterile aesthetic across the world“, grein eftir Kyle Chayka, sem birtist á vef *The Verge*, 3. ágúst 2016.

Umbúðaleysi

Það var í stefnumótabransanum á netinu sem ég rakst fyrst á vinsælt viðmið í markaðssetningu sem nefnist „þrifalegur staður með góðri lýsingu“. Þessi frasi, titill á smásögu eftir Ernest Hemingway sem gerist á bar á Spáni, skaut ítrekað upp kollinum, slitinn úr öllu samhengi við uppruna sinn, þegar bisnessfólk talaði um að skapa „kvenvinsamlegt umhverfi“ í samhengi við kynferði. Að þrifa og lýsa upp stað fól yfirleitt í sér að klámfengið eða kynferðislega opinskátt myndmál var fjarlægt. „Þrifalegur staður með góðri lýsingu“ voru einkunnarorð femínísku kynlífsleikfangaverslunarinnar, *Good Vibrations*, brautryðjenda sem opnuðu árið 1977; verslunin tók dildó og titrara úr klámfengum þakkningum og stillti þeim upp

á hvítar hillur og borð eins og dýrmætum listmunum. Í fyrstu fól hugmyndin í sér að endurheimta kynferðið, orðfærið var eins konar verndargripur gegn reimleikum bíósala 8. áratugarins, heitra potta, singles-skemmtistaða og misnotaðra klámstjarna á nauðgunarlyfjum, en hugtakið átti ekki síður við á öld óumbeðinna tippamynda og „Meet hot singles in your area who want to fuck you now!“

Úr bókinni *Future Sex* eftir Emily Witt.

Bókin kom út 2016.



Þrifalegur staður með góðri lýsingu

Það var áliðið og allir höfðu yfirgefið kaffihúsið nema gamall maður sem sat í skugganum sem féll af laufum trésins undir rafljósinu. Á daginn var gatan rykug en á kvöldin settist dökk yfir rykið og gamli maðurinn kundi því vel að sitja lengi því hann var heyrnarlaus og nú að kvöldlagi varð allt hljótt og hann fann muninn. Þjónarnir tveir inni á kaffihúsinu vissu að gamli maðurinn var svolítið drukkinn og þrátt fyrir að hann væri góður kúnni vissu þeir að ef hann yrði of fullur myndi hann fara án þess að borga svo þeir höfðu auga með honum.

„Í síðustu viku reyndi hann að drepa sig,“ sagði annar þjónninn.

„Hvers vegna?“

„Örvænting.“

„Yfir hverju?“

„Engu.“

„Hvernig veistu að það var yfir engu?“

„Hann á nógan pening.“

Þeir sátu saman við borð sem var upp við vegginn nálægt dyrum kaffihússins og horfðu á veröndina þar sem öll borðin stóðu tóm nema það sem gamli maðurinn sat við í skugganum af laufum trésins sem bærðust lítið eitt í vindinum. Stúlka og hermaður gengu hjá, eftir götunni. Götulýsingin glóði á látúnstölunni á kraganum hans. Stúlkan var ekki með neitt á höfðinu og flýtti sér samsíða honum.

„Vörðurinn tekur hann,“ sagði annar þjónninn.

„Hverju skiptir það ef hann fær það sem hann var á höttunum eftir?“

„Honum er hollast að láta sig hverfa núna. Vörðurinn tekur hann. Þeir fóru hjá fyrir fimm mínutum.“

Gamli maðurinn sem situr í skugganum bankaði glasinu sínu í platta. Yngri þjónninn fór yfir til hans.

„Hvað viltu?“

Gamli maðurinn leit á hann. „Annan brandí,“ sagði hann.

„Þú verður fullur,“ sagði þjónninn. Gamli maðurinn leit á hann. Þjónninn gekk burt.

„Hann verður hérna í alla nótt,“ sagði hann við kollega sinn. „Ég er þegar orðinn þreyttur. Ég kemst aldrei upp í rúm fyrir þrjú. Hann hefði átt að drepa sig í síðustu viku.“

Þjónninn sótti brandíflöskuna og nýjan platta af afgreiðsluborðinu inni á kaffihúsinu og þrammaði með bæði út að borði gamla mannsins. Hann lagði niður plattann og fyllti glasið af brandí.

„Pú hefðir átt að drepa þig í síðustu viku,“ sagði hann við heyrnarlausan manninn. Gamli maðurinn benti með fingrinum. „Aðeins meira,“ sagði hann. Þjónninn hélt áfram að hella í glasið þar til brandið féll fram af brúnunum og lak niður stilkinn á efsta plattann í staflanum. „Takk fyrir,“ sagði gamli maðurinn. Þjónninn sneri til baka með flöskuna inn á kaffihúsið. Hann settist aftur niður við borðið með kollega sínum.

„Nú er hann orðinn fullur,“ sagði hann.

„Hann er fullur öll kvöld.“

„Til hvers vildi hann drepa sig?“

„Hvernig ætti ég að vita það.“

„Hvernig gerði hann það?“

„Hann hengdi sig með reipi.“

„Hver skar hann niður?“

„Litla frænka hans.“

„Hvers vegna gerðu þau það?“

„Óttast um sálina hans.“

„Hvað á hann mikinn pening?“

„Hann á fullt nóg.“

„Hann hlýtur að vera áttæður.“

„Ég myndi allavega segja að hann væri áttæður.“

„Ég vildi að hann færi heim. Ég fer aldrei að sofa fyrir þrjú.

Hvers konar háttatími er það?“

„Hann vakir því hann vill það.“

„Hann er einmana. Ég er ekki einmana. Ég á konu sem bíður eftir mér uppi í rúmi.“

„Einu sinni átti hann konu líka.“

„Eiginkona yrði honum ekki að neinu gagni núna.“

„Það er ekki gott að segja. Kannski farnaðist honum betur með konu.“

„Frænka hans lítur til með honum. Þú sagðir að hún hefði skorið hann niður.“

„Ég veit.“

„Ég myndi ekki vilja vera svona gamall. Gamall maður er andstyggð.“

„Ekki alltaf. Þessi gamli maður er þrífalegur. Hann drekkur án þess að sulla. Jafnvel núna, fullur. Sjáðu hann.“

„Ég vil ekki horfa á hann. Ég vil að hann fari heim. Hann tekur ekkert tillit til vinnandi fólks.“

Gamli maðurinn leit af glasinu yfir torgið, síðan í átt að þjónunum.

„Annan brandí,“ sagði hann, og benti á glasið. Þjónninn sem var að flýta sér kom yfir.

„Búið,“ sagði hann, og virti að vettugi alla setningaskipan eins og heimskt fólk gerir þegar það talar við fullt fólk eða útlendinga. „Ekki meira í kvöld. Loka núna.“

„Annan,“ sagði gamli maðurinn.

„Nei. Búið.“ Þjónninn þurrkaði af borðbrúninni með viskustykki og hristi höfuðið.

Gamli maðurinn stóð upp, taldi plattana með hægð, dró leðurbuddu upp úr vasa og greiddi fyrir drykkina, ásamt hálfum peseta í þjórfe.

Þjónninn fylgdist með honum ganga niður götuna, afar gömlum manni, óstöðugum á göngu en með reisn.

„Hvers vegna leyfðirðu honum ekki að staldra og drekka?“ spurði þjónninn sem var ekki að flýta sér. Þeir voru að byrgja fyrir gluggana. „Klukkan er ekki orðin hálfþrjú.“

„Ég vil komast heim í rúm.“

„Hvað er klukkutími?“

„Meira fyrir mig en fyrir hann.“

„Klukkutími er eins.“

„Þú talar eins og gamall maður sjálfur. Hann getur keypt sér flösku og drukkið heima.“

„Það er ekki eins.“

„Nei, það er það ekki,“ samþykkti þjónninn með eiginkonuna. Hann vildi ekki vera ósanngjarn. Hann var bara að flýta sér.

„Og þú? Þú ert ekkert smeykur við að fara heim fyrr en venjulega?“

„Ertu að reyna að móðga mig?“

„Nei, hombre, bara að grínast.“

„Nei,“ sagði þjónninn sem var að flýta sér um leið og hann reis upp frá því að draga niður járnþjöldin. „Ég treysti mér. Ég er fullur sjálfstrausts.“

„Æska, sjálfstraust og starf,“ sagði eldri þjónninn. „Þú ert með þetta allt saman.“

„Og hvað skortir þig?“

„Allt nema starfið.“

„Þú hefur allt sem ég hef.“

„Nei. Ég hef aldrei haft sjálfstraust og ég er ekki ungur.“

„Svona nú. Hættu að bulla og læsum.“

„Ég er einn af þeim sem kann því vel að dvelja seint á kaffihúsi,“ sagði gamli þjónninn. „Með öllum sem vilja ekki háttu. Með öllum sem þurfa ljós í nóttina.“

„Ég vil fara heim og í rúmið.“

„Við erum af tveimur ólíkum gerðum,“ sagði gamli þjónninn. Hann var nú klæddur til heimferðar. „Það snýst ekki bara um

æsku og sjálfstraust þó að allt sé það mjög fallett. Á hverju kvöldi er ég tregur til að loka vegna þess að einhvern gæti vantað kaffihús.“

„Hombre, það eru opnar bódegur alla nóttina.“

„Þú skilur ekki. Þetta er hreint og notalegt kaffihús. Það er vel lýst. Lýsingin er mjög góð og nú eru, þar að auki, skuggar af lafunum.“

„Góða nótt,“ sagði ungi þjónninn.

„Góða nótt,“ sagði hinn. Hann slökkti rafljósið og hélt áfram samtalinu við sjálfan sig. Það er lýsingin, auðvitað, en staðurinn verður líka að vera hreinn og notalegur. Maður vill ekki tónlist. Sannarlega vill maður ekki tónlist. Maður getur ekki heldur staðið við bar með reisu þó að það sé það eina sem er í boði á þessum tíma. Hvað óttaðist hann? Það var ekki ekki ótti eða uggur. Það var ákveðið ekkert sem hann þekkti of vel. Það var allt ákveðið ekkert og hver maður var líka ekkert. Það var bara það og lýsing var allt sem þurfti og ákveðinn þrifnaður og regla. Sumir lifðu við það og fundu aldrei fyrir því en hann vissi að það var *nada y pues nada y nada y pues nada*. *Nada* vor, þú sem ert í *nada*, *nada* þitt nafn og *nada* þitt ríki, *nada* þinn vilji í *nada* sem í *nada*. Gef oss í *nada* vort daglegt *nada* og *nada* oss vort *nada* svo sem vér *nada* vorum *nada* og eigi *nada* þú oss í *nada* heldur frelsa oss frá *nada*; *pues nada*. Heill engu fullu af engu, ekkert er með þér. Hann brosti og stóð frammi fyrir bar með gljáandi þrýstikaffivél.

„Hvað tekurðu?“ spurði vertinn.

„*Nada*.“

„*Otro loco m ás*,“ sagði vertinn og sneri sér við.

„Lítinn bolla,“ sagði þjónninn.

Vertinn skenkti honum.

„Lýsingin er mjög björt og notaleg en barinn er ekki fægður,“ sagði þjónninn.

Vertinn leit á hann en svaraði ekki. Það var of framorðið fyrir samtöl.

„Viltu annan *copita*?“ spurði vertinn.

„Nei, takk,“ sagði þjónninn og gekk út. Honum líkuðu ekki barir og bódegur. Hreint, vel lýst kaffihús var annað. Núna, án þess að hugsa lengra, myndi hann fara heim í herbergið sitt. Hann myndi leggjast í rúmið og loksins, með dagrenningunni, myndi hann fara að sofa. Allt um það, sagði hann við sjálfan sig, er þetta líklega bara andvaka. Margir hljóta að vera andvaka.

„A Clean, Well-Lighted Place“ eftir Ernest

Hemingway kom fyrst út árið 1933.

Þýðing: Haukur Már Helgason, 2018.

6.421

(Siðfræði og fagurfræði eru eitt.)

Ludwig Wittgenstein, *Tractatus Logico-Philosophicus*, setning innan sviga í efnisgrein nr. 6.421. Línuna má einnig finna í minnisbókum höfundarins, sem gefnar voru út í þýðingu G. E. M. Anscombe árið 1969, sem *Notebooks 1914–1916*.

